



ORKUSTOFNUN

Höfuðborgarsvæði. Fundur um kortagerð
10.10.90 - Verkaskipting

Skúli Víkingsson

Greinargerð SV-90-02

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Fundur um kortagerð 10.10.1990 - Verkaskipting

1. INNGANGUR

Fundur var haldinn 10. október 1990 um gerð jarðgrunnskortsins 1613/III (Reykjavík og nágrenni). Fundinn sátu: Freysteinn Sigurðsson (OS), Skúli Víkingsson (OS), Árni Hjartarson (OS), Halldór Torfason (Rvk.), Jón Eiríksson (RHÍ) og Hreggviður Norðdahl (RHÍ). Rætt var fram og aftur tilhögun vinnunnar og verkaskiptingu.

2. RÖÐ KORTA


Útgáfa jarðfræðikortanna, berg, set og vatn þarf að haldast í hendur þannig að vinna sé sem mest á sama tíma í hverju korti. Kortlagning hrauna er sameiginleg fyrir öll kortin, (berg, set og vatn) og þarf því að vera samstíga. Vinnsluröð kortanna er eftirfarandi (verði tilbúinn í hreinteikningu):

- | | | |
|----|-------------|------------|
| 1. | 1613/III SV | Haust 1991 |
| 2. | 1613/III NV | Haust 1991 |
| 3. | 1613/III SA | Haust 1992 |
| 4. | 1613/III NA | Haust 1992 |

3. VERKASKIPTING

Samþykkt var að SV að endurskoðaði staðal þann um jarðgrunnskort sem notaður hefur verið á OS og gerði tillögu um skiptingu svæðisins milli aðilanna þriggja. Halldór Torfason mun sjá um að afla upplýsinga um þykktir jarðlaga o. þ. h., sem vænta má að til séu hjá sveitarfélögunum, stofnunum þeirra, verkfræðistofum o. s. frv.

Um verkaskiptinguna við sjálfa kortlagninguna voru menn í meginatriðum sammála um að hver sæi helzt um það sem hann þekkti bezt og skipt yrði eftir þessum meginlínnum:



□ RHÍ ▨ Rvk □ OS

Á kortinu eru SV og NV blöðin sýnd (heildregnar línur) ásamt skæklum þeim sem skulu fylgja skv. samningi (Seltjarnarnes, Álftanes og land "vestan Hafnarfjarðar vestur undir Lónakot og suður eftir, sem nemur suðurjaðri kortblaðsins" eins og segir í samningnum. Stríkalínurnar sýna blaðskiptingu í orthokortum. Tillaga mín að verkaskiptingu er færð inn á kortið.

- RHÍ sæi um svæði þar sem eru eða vænta má mikils af sjávarseti.

- Rvk sæi um nýbyggingaland borgarinnar (Grafarvog, Rauðavatn, Selás) auk fyrrnefndrar upplýsingaöflunar.
- OS sæi um önnur svæði auk samræmingar og umsjónar.

Þessar meginlínur voru lagðar til grundvallar við skiptingu svæðisins milli þessara þriggja aðila, sem sýnd er á kortinu sem hér fylgir með. Ekki er ástæða að sinni að skipta nema fyrri helmingi kortanna.

4. HANDRIT

Afráðið er að bergkortin verði unnin á orthokort ("réttmyndakort"). Þau verði síðan helzt varðveitt sem handrit, en jafnharðan sem kortlagningu vindur fram verði fært inn á 1:25000-kort sem verði á OS. Ekki er óeðlilegt að við förum svipað að.

Á teiknistofu OS eru til þessi orthokort:

| 1513/II | | 1613/III | | | | |
|---------|-----|----------|-----|-----|-----|-----|
| | | 51* | 52* | 53 | 54 | 55 |
| | 45* | 41 | 42 | 43 | 44 | 45 |
| | 35* | 31 | 32 | 33 | 34 | 35 |
| | 25* | 21 | 22 | 23 | 24* | 25* |
| | 15* | 11* | 12* | 13* | 14* | 15* |

Kort merkt með * vantar, hin eru til á filmu á OS.

Eins og sjá má vantar 13 kort (9 af 1613/III og 4 af 1513/II) til þess að hægt sé að setja fram gögn okkar á þessum kortum. Á 1613/III SV kortinu (með skæklum) vantar 9 orthokort.

Skv. upplýsingum frá Ólafi Valssyni (LÍ) eru öll þessi kort til og kosta:

Á filmu 8053 kr./stk

Á ljósmyndapappír 5882 kr./stk

Við þurfum ekki nema filmuna, svo að í allt verður þetta $8053 \times 11 = 88583$ kr., en til að vinna SV-kortið þurfum við á næstu mánuðum $8053 \times 7 = 56371$ kr. Verið getur að unnt sé að fá þessi kort frá Reykjavíkurborg og verður það kannad.

Talsverður áhugi er á að gera hluta teiknivinnunnar í tölvu og er það mál nú allt í athugun. Reykjavíkurborg hefur keypt kort-rænt-gagnasafnskerfi sem nefnist Arc/Info og er verið að huga að því hvort það sé hentugt til þeirrar vinnu sem hér er að fara af stað.